

Upplýsinga- og tæknimennt 9. – 10.bekkur

Kennari: Victoria Reinholdsdóttir

Kennslustundir: 1 kennslustund/viku í samkenndu gegnum Kötlumixi.

Námsefni: Word, Google docs og google slides, Canva, Padlet, ýmis efni af netinu. Stafrænn Borgaravitund Menntasvið Kópavogs
<https://sites.google.com/snjallheimar.is/stafræn-borgaravitund/heim>

Hæfniviðmið: Hæfniviðmið fyrir upplýsinga- og tæknimennt eru settar fram í fimm flokkum:

Vinnulag og vinnubrögð:

Að nemendur geti:

- nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt.
- beitt réttri fingrasetningu.

Upplýsinga- og miðlalæsi:

- Geta nýtt skólasafn til þekkingaröflunar og miðlunar til gagns og ánægju
- Geta unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarrétt og almennt siðgerði í heimildarvinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðgerðum.
- Geta nýtt leitarvél, gagnabanka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar.
- Geta greint, borið saman og metið á gagnrýnninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis.

Sköpun og miðlun:

- Geta valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga.
- Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð.
- Geta valið og nýtt hugbúnað við fjölbreytta netmiðlun.
- Geta valið og nýtt hugbúnað við uppsetningu fjölbreyttra ritunarverkefna og ritgerða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.

- Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreytta hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
- Geta valið og nýtt hugbúnað við gagnasöfnun, greiningu og framsetningu á tölulegum gögnum.
- Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.

Stafræn borgaravítund:

- Geta nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleigeinkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt.
- Geta þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnunum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt.
- Geta gert sér grein fyrir notkun persónuupplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýninn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónuupplýsinga.
- Geta gert sér grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatursorðræðu og stafrænum átökum.
- Geta gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvernig það mótast af allri nethegðun.

Lausnaleit:

- Geta valið viðeigandi stafrænan stuðning markvisst við nám.
- Geta nýtt forritun til sköpunar og til að efla rökhugsun og lausnarleit.
- Geta flokkað. Vistað og varðveitt gögn á öruggan hátt.
- Geta nýtt fjölbreyttan og viðeigandi tækjabúnað til menntunar og leyst tæknileg úrlausnarefni.

Skipulag kennslunnar:

Nemendur eru í vetur að vinna mikið með upplýsingaöflun af netinu, ritvinnslu og eru líka að læra að nota ýmis öpp og forrit eins og til dæmis Canva og Padlet. Vinnuskil eru að mestu leyti í gegnum Google Classroom. Nemendur verða úthlutað verkefni sem þeir eiga að vinna einslega eða í hóp og skila af sér fyrir ákveðnum dagsætningum. Verkefnin verða fjölbreytt en rauði þráðurinn verður það sem sett er sem þema í hverja lotu fyrir sig í Kötlumixinu.

Samhliða þessu verður með reglulegu millibili lagt inn kennsluefni í stafrænu borgaravítund sem menntasvið Kópavogs hafa unnið og þýtt frá breska netefninu common sense education.

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.